

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/1493*  
*komudagur 6.3.2007*



**LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS**  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 6. mars 2007

**Efni: Umsögn II um breytingartillögur efnahags- og viðskiptanefndar við fúmvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, 387. mál**

Eftir að Læknafélag Íslands gaf umsögn sína um ofangreinda breytingatillögu með bréfi dags. 22. febrúar var félaginu bent á, að þær tillögur til breytinga á lögum um váttryggingasamninga, sem nú liggja fyrir Alþingi, kunni að fara í bága við alþjóðlega samninga um mannréttindi, sem gildi hafa á Íslandi.

Félagið tók framangreinda vísbendingu til athugunar og vill í framhaldi þess koma aftirfarandi á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis:

Þann 12. október 2004, með gildistöku á Íslandi þann 1. febrúar 2005 sbr. C deild stjórnartíðinda nr. 54/2004, var fullgiltur samningur (Oviedo samningurinn) um vernd mannréttinda og mannlegrar reisnar með hliðsjón af starfsemi á sviði líffræði og læknisfræði: samningur um mannréttindi og líflæknisfræði.

Í 1. gr. samningsins um tilgang og markmið segir:

“Aðilar að þessum samningi skulu vernda reisn og einstaklingseinkenni allra manna og tryggja öllum, án mismununar, að ekki sé gengið á friðhelgi þeirra eða önnur réttindi og mannfrelsi við störf á sviði líffræði og læknisfræði”.

Í 2. gr. um að maðurinn skuli vera í öndvegi segir:

“Taka skal hagsmuni og velferð manna fram yfir einbera hagsmuni samfélags eða vísinda”.

Í 5. gr. um samþykki segir:

“Inngrip á sviði heilbrigðisþjónustu er óheimilt nema sá sem á í hlut hafi veitt til þess frjálst og upplýst samþykki. Sá hinn sami skal fá viðeigandi upplýsingar fyrirfram um tilgang og eðli inngrípsins svo og afleiðingar þess og þá áhættu sem því fylgir. Hlutaðeigandi getur dregið samþykki sitt til baka hvenær sem vera skal.”

Í 10. gr. um einkalíf og rétt til upplýsinga segir:

“Sérhver á rétt á því að einkalíf hans sé verndað þegar upplýsingar um heilsufar hans eru annars vegar”.

Í 11. gr. um bann við mismunun segir:

“Óheimilt er að mismuna nokkrum manni á grundvelli erfðastofns”.

Í 12. gr. um erfðafræðiþrófanir með forsagnargildi segir:

“Óheimilt er að gera prófanir sem segja fyrir um arfgenga sjúkdóma eða gera kleift annað hvort að greina að maðurinn beri í sér gen sem veldur sjúkdómi eða að hann hafi erfðabundna hneigð eða næmi fyrir sjúkdómi, nema í lækningaskyni eða vegna vísindarannsókna í lækningaskyni, og með þeim fyrirvara að leitað sé viðeigandi erfðarfræðiráðgjafar”.

Einu undantekningarnar sem gerðar eru frá ofangreindum reglum er að finna í 26. gr. þar sem segir:

“Óheimilt er að setja aðrar takmarkanir við því að neyta réttinda og verndarákvæða þessa samnings en þær sem mælt er fyrir um í lögum og eru nauðsynlegar í lýðræðislegu samfélagi til að tryggja öryggi almennings, fyrirbyggja glæpi, venda almannaheilbrigði eða vernda réttindi og frelsi annarra”.


Ennfremur er sagt í “explanatory report”

<http://conventions.coe.int/Treaty/en/Reports/Html/164.htm> með ofangreindum samningi:

85. Article 12 prohibits the carrying out of predictive tests for reasons other than health or health-related research, even with the assent of the person concerned. Therefore, it is forbidden to do predictive genetic testing as part of pre-employment medical examinations, whenever it does not serve a health purpose of the individual. This means that in particular circumstances, when the working environment could have prejudicial consequences on the health of an individual because of a genetic predisposition, predictive genetic testing may be offered without prejudice to the aim of improving working conditions. The test should be clearly used in the interest of the individual's health. The right not to know should also be respected.

86. Insofar as predictive genetic testing, in the case of employment or private insurance contracts, does not have a health purpose, it entails a disproportionate interference in the rights of the individual to privacy. An insurance company will not be entitled to subject the conclusion or modification of an insurance policy to the holding of a predictive genetic test. Nor will it be able to refuse the conclusion or modification of such a policy on the ground that the applicant has not submitted to a test, as the conclusion of a policy cannot reasonably be made conditional on the performance of an illegal act.

Virðingarfyllst,  
f.h. Læknafélags Íslands



Sigurbjörn Sveinsson, formaður.